

9. Tillaga

til þingsályktunar um sláttu tveggja minnispeninga.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að láta slá tvo minnispeninga: Verðlaunapening og Björgunarpening.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa:

Mál þetta var fyrst vakið af Slysavarnafélagi Íslands með fundarsamþykkt á aðalfundi þess þann 10. marz 1929, svohljóðandi:

„Fundurinn skorar á stjórn Slysavarnafélagsins, að hlutast til um það við ríkisstjórnina, að hún láti búa til minnispeninga, er úthlutað sé þeim mönnum er leggja sig i hættu til að bjarga öðrum úr sjávarhásku, og hafi stjórn Slysavarnafélags Íslands tillögurétt um þá úthlutun“.

Fundaráskorunin var send ríkisstjórninni, sem síðan leitaði álits sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis um málið. Sváraði sjávarútvegsnefnd með bréfi dags. 10. apríl 1929, sem er á þessa leið:

„Atvinnumálaráðuneytið hefir með bréfi frá 26. f. m. beiðst umsagnar sjávarútvegsnefndar um hjálagt erindi frá Slysavarnafélagi Íslands, dags. 16. f. m., um sláttu verðlaunapenings handa mönnum þeim, er leggja sig i hættu við björgun skipbrotsmanna og hafi stjórn Slysavarnafélagsins tillögurétt um úthlutun verðlaunapeninga.

Nefndin viðurkennir að hagfeldara sé að nota slíka verðlaunapeninga en að sækja hvert sinn undir álit Alþingis eða annara stofnana um fjárveiting til verðlauna fyrir björgunarafrek, og að svo miklu leyti vill hún fallast á tillögur Slysavarnafélags Íslands. Hinsvegar vill nefndin eigi binda verðlaunaveitingu einhliða við tillögur Slysavarnafélagsins, svo sem erindi þess virðist ætlast til, heldur að óbundinn sé tillöguréttur dómhæfra manna, hverjir sem eru“.

Lét ríkisstjórnin síðan útbúa uppkast það að almennum reglum um tvo minnispeninga, sem hér fer á eftir:

Almennar reglur.

1. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að láta slá *tvo* minnispeninga, er svo heita: *Verðlaunapeningur* og *Björgunarpeningur*. Fyrri peninginn veitir konungur, en hinn síðari forsætisráðherra.

2. gr.

Verðlaunapening má veita þeim mönnum, körlum og konum, sem sýnt hafa sérstakan dugnað og framúrskarandi hugrekki við að bjarga mönnum,

eða eigum manna frá yfirvofandi hættu eða voða á landi, eða með því oftari en einu sinni að hafa bjargað mönnum úr sjávarháska. Peningur þessi er bæði úr gulli og silfri.

3. gr.

Björgunarpening úr silfri má veita þeim eingöngu, er hafa með lífshættu fyrir sjálfan sig bjargað mönnum úr sjávarháska. Peningur þessi veitist jafnt konum sem körlum.

4. gr.

Gerð og útlit þessara minnispeninga skal ákveðin með konungsúrskurði. Veiting þeirra fer fram eftir þeim sérstöku reglum, sem hér fara á eftir.

Sérstakar reglur.

5. gr.

Hver sá, er telur sig eða einhvern annan hafa unnið til verðlaunapenings skal snúa sér til hlutaðeigandi valdsmanns, og fá upplýst með réttarprófi öll atvik, er lúta að þeim atburði, sem hann byggir tilkall sitt á. Sérstaklega skal upplýsa hættu þá, er var yfirvofandi, og að hve miklu leyti unnt hefði verið, að fá henni afstýrt; ef hjálp bjarganda hefði ekki komið til, hve viðtæk hættan var, hvort hún snerti einn eða fleiri menn, eitt eða fleiri hús við eldsvoða, og þess háttar, framgöngu bjarganda til þess að afstýra hættunni eða bjarga, og hvort hann hafi lagt líf sitt eða eignir í hættu við þetta tækifæri.

Þegar stórslys ber að höndum eða aðra viðburði af völdum náttúrunnar eða á annan hátt, og almannarómur telur framkomu eins manns eða fleiri svo vaxna við það tækifæri, að verðlaunapeninga verði að veita, er valdsmanni bæði heimilt og skylt að hefja af eigin hvötum rannsókn þessu til upplýsingar.

Að prófum loknum skulu þau send forsætisráðherra. Þyki honum þau að einhverju ófullkomin, getur hann heimtað nánari upplýsingar, og gerir að því búnu tillögu til konungs, ef honum virðist ástæða til. Gullpeningur skal þá veittur, er sérstakir verðleikar eru fyrir hendi.

6. gr.

Um veitingu björgunarpenings skal fylgt sömu reglum og getur í næstu grein á undan. Skulu prófin sérstaklega upplýsa eftirfarandi atriði: 1) Hættu þess manns eða þeirra manna, er bjargað var, og hvort nokkurt útlit var til þess, að þeim hefði að öðrum kosti orðið bjargað, 2) Hvort björgunarmaður lagði líf sitt í augsjáanlega hættu til þess að bjarga.

Áður en forsætisráðherra veitir þennan minnispening, getur hann leitað umsagnar „Slysavarnafélags Íslands“ um málið.

7. gr.

Minnispeningurinn verður eign þess, er fær hann að verðlaunum, og eftir lát hans erfingja hans. Peninginn skal bera opinberlega á vinstra brjósti í bandi með þjóðlitum landsins.

Ástæður.

Það mun nú vera farið að fynast yfir það, að endur fyrir löngu hefir verið mótaður sérstakur verðlauna- og minnispeningur handa Íslendingum. Með konungsráskurði 28. febr. 1829 var ákveðið að slá minnispening handa Íslendingum, „til upphvatningar og verðlauna fyrir þá, sem sérstaklega skara fram úr tilraunum til þess að efla fiskiveiðar, jarðrækt og jarðabætur, eða stofnun einhvers gagnlegs iðnaðar“. Þessi minnispeningur var því ætlaður þeim, er sköruðu fram úr öðrum í fiskiveiðum, landbúnaði og iðnaði, en hann náði alls ekki til þeirra, er lögðu sig í lifsháska, til þess að bjarga mönnum úr sjávarháska. Með nýjum konungsráskurði 25. desbr. 1832 var gerð þessa verðlaunapeningis endanlega ákveðin. Á annari hliðinni var brjóstmynd konungs (þá Friðriks konungs sjötta), en á binni hliðinni var eikiblaða bringur (tákn Danmerkur), og í honum þessi áletrun: „Erulaun iðju og hygginda til Eflingar almennra Heilla“, og nafn verðlaunaþiggjanda (Medaliumannsins), á röndinni. Þessi heiðurspeningur, almennt nefndur „medalían“, var veittur fjölda Íslendinga, bændum, formönnum og iðnaðarmönnum, en 1869 var hætt að úthluta honum, en ákvæðin um veitingu hans munu aldrei hafa verið afnumin. Medalía þessi var talsvert mikils metin, en þó þótti langtum minna verið í hana en í dannebrogsmannskross. Að fara nú að vekja upp þennan gamla minnispening virðist ekki geta komið til mála.

Að því er verðlaun fyrir björgun manna úr sjávarháska snertir, þá virðist það lengi vel hafa verið venja að veita *einungis* peningaverðlaun. Þannig var 1876 manni veitt *40 króna* verðlaun fyrir að hafa lagt lif sitt í sölurnar til þess að bjarga alls 5 mönnum, sem borizt hafði á á sjó, og fyrir það að hafa gert tilraun til þess að bjarga mönnum af sexæringi, er fórst (Stj.tíð. 1876 B. bls. 13). Það hafði þó verið fyrirskipað að veita einungis peningaverðlaun, þegar björgunin var tiltölulega hættalaus fyrir björgunármanninn, sbr. cancelliplac. 4. oktbr. 1823, sem var talið gildandi hér á landi og oft beitt.

Það hefir þó oft komið fyrir, að danski björgunarpeningurinn „Medaillen for druknedes Redning“ hefir verið veittur Íslendingum fyrir björgun hér við land, og eru enn menn hér, sem bera þessa medalíu. Hafi skipshöfn bjargað mönnum hefir formaðurinn fengið hana, en hásetar hans *lítillfjórlega* peningaborgun, t. a. m. 16 krónur hver (Stj.tíð. 1885 B. bls. 8, Stj.tíð. 1891 B. bls. 44), þó hefir það komið fyrir, að þessi lífsbjargarlaun hafa verið lítið eitt hærri. Gagnvart *útlendingum*, sem bjargað hafa Íslendingum úr sjávarháska, hefir verið valin sú leið, að sæma skipstjóran á björgunarskipinu með einhverjum grip, t. a. m. gullúri eða sjónauka með áletruðu nafni hans og dagsetningu viðburðarins. Hefir þeim jafnan þótt vænt um þessa viðurkenningu, en nú mun svo komið eftir heimsstyrjöldina, þar sem ýmsum minnispeningum hefir verið úthlutað, að mörgum mundi vera eins kærkomið, að fá minnispening frá útlendri þjóð, heldur en einhvern grip. Er því svo til ætlazt, að verði íslenskir verðlaunapeningar slegnir, megi jafnt veita þá útlendum mönnum sem innlendum. Mætti þá fyrst spyrja ræðismann hér frá þeirri þjóð, er þeir eru frá, hvort þeir vildu heldur verðlaunapening eða einhvern grip.

Þegar ríkisstjórninni hafði borizt fyrnefnt erindi frá Slysavarnafélagi Íslands og umsögn Sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis 1929, þá tók hún málið *almennt* fyrir til ihugunar, og komst að þeirri niðurstöðu, að réttast væri, að láta slá fleiri minnispeninga, en eingöngu fyrir björgun manna úr sjávarháská, og hafði þar fyrir sér dæmi annara Norðurlandabjóða.

Í *Danmörku* eru þessir minnis- og verðlaunapeningar til: 1. *Medaille for druknedes Redning*; hún er einungis veitt, þegar björgunarmaður hefir stofnað lífi sínu í hættu vegna björgunar; hafi það ekki verið, veitir dómsmálastjórnin verðlaun á annan hátt, t. d. silfurbíkar með álitrun: „frá stjórninni fyrir drengilega framkomu“, ásamt nafni bjarganda og dagsetningu, eða þá peningagjöf að upphæð 50 krónur. 2. *Medaille for ædel Daad*, stofnað 1793. Veitist fyrir líkar athafnir og hér er ætlast til, að verðlaunapeningar komi fyrir. 3. *Fortjenstmedaille* stofnuð 1845, er veitt sem allskonar verðlaun, og er bæði úr gulli og silfri. 4. *Medaillen ingenio et arti* er veitt listamönnum eingöngu.

Í *Noregi* eru veittir þessir minnispeningar: 1. *Medaljen for borgerdaud*, stofnuð 1844. Nafnið bendir á hverjum hún sé ætluð. 2. *Medaljen for edel daad*, stofnuð 1885. 3. *Kongens fortjenstmedalje*, stofnuð 1908. Allir þessir peningar eru bæði úr gulli og silfri. Auk þess eru nokkrir aðrir sérstakir minnispeningar. *Medaljen for edel daad* svarar aðallega til dönsku björgunarmedaliunnar.

Í *Svíþjóð* eru meðal annara þessir minnispeningar: 1. verðlaunapeningur er heitir: *Illisquorum meruere laboris*, er svarar til fyrirhugaðs verðlaunapenings hjá oss, og 2. *literis et artibus* handa listamönnum.

Þennan síðastnefnda pening, er svarar til danska peningsins ingenio et arti hefir ekki þótt ástæða til að slá og innleiða hjá oss, sízt að svo stöddu. Það er að visu svo, að á síðustu árum hafa risið upp með þjóð vorri menn, sem hafa borið af öðrum bæði í bókmenntum, söng, leiklist, listmálun og myndun, en þá menn virðist rétt að sæma Fálkaorðunni, ef ástæða þykir til að sýna þeim sæmdarvott. Sama er að segja um útlenda snillinga, er sýna list sýna hér á landi, enda hefir þessi leið verið notuð.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið tekið fram, hefir ríkisstjórninni þótt réttast að leggja til, að slegnir yrðu tveir verðlaunapeningar, sem getið er í 2.—4. gr. Með því að það eru gömul forrétindi konungs að úthluta heiðursmerkjum, er sjálfsagt að hann úthluti *verðlaunapeningum*, en hinsvegar þykir það vera of umsvifamikið að leita konungsúrskurðar í hvert sinn, sem *björgunarpeningur* er veittur, því að telja má vist, að hann verði oftast veittur en hinn.

Um hinar sérstöku reglur þykir óþarfi að fjölyrða. Til þess að geta fengið þessa heiðurspeninga þarf það að vera fullsannað, að þeir séu fullkomlega verðskuldaðir, en það verður ekki itarlega sannað á annan hátt en með réttarprófi. Þær reglur, sem settar eru um það, eru ekki úttæmandi, heldur aðeins settar til leiðbeiningar, því að valdsmanni ber skylda til þess að upplýsa atvik málsins fullkomlega. Það má ganga að því visu, að það komi oft fyrir, að björgunarmaður, eða verðlaunamaður heimti ekki próf um framgöngu sína af yfirlætisleysi, og er það því yfirleitt skylda valdsmanns að halda próf í hvert sinn, sem líkindi eru til að hans álitni, eða ástæður til þess að veita þessa heiðurspeninga.

Um útlit og gerð peninganna virðist ástæða til að hafa samkeppni meðal listamanna.

Loks hefir Slysavarnafélag Íslands þann 11. jan. s. l. skrifað forsætisráðherra bréf það, sem hér fer á eftir:

„Vér leyfum oss hér með virðingarfyllst, að fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að flýtt verði sem mest má verða, framkvæmdum í því, að koma á fót „Björgunarmedaliu“ þeirri, er svo oft hefir áður verið minnt á.

Á s. l. tveim árum hafa nokkrir Íslendingar verið sæmdir erlendum björgunarmedalium, fyrir björgun *erlendra* manna úr sjávarháská hér við land. Á sama tíma hefir einnig nokkrum *íslenskum* mönnum verið hjargað frá drukknun, bæði af innlendum og erlendum mönnum, en af því að hér er engin björgunarmedalía til, í líkingu við þær, sem notaðar eru erlendis, hefir ekki verið unnt að veita þeim slíka viðurkenningu er bjargað hafa, en það teljum vér mjög óheppilegt, þar sem búast má við, að sú skoðun geti myndast manna á meðal, að líf íslenskra ríkisborgara séu minna metin en erlendra“.

Með mikilli virðingu.

F. h. Slysavarnafélags Íslands.

Dorst. Þorsteinsson.

Jón E. Bergsveinsson.